

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Suðurgötu 47, 51 og 57.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 9. nóvember 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagi Akratorgs vegna Suðurgötu 47, 51 og 57.

Breytingin felst í að bílastæði á lóð við Suðurgötu 47, 51 og 57 er breytt í íbúðarlóð þar sem heimilt er að reisa íbúðarhús með 8 íbúðum á þremur hæðum og bílakjallara sem stendur að hálfu ofan jarðar. Hámarkshæð húss er 11 metrar og nýtingarhlutfall lóðar getur orðið 0,91. Gert er ráð fyrir 1,75 bílastæði á íbúð á lóðinni. Við breytinguna eru lóðir númer 47 og 51b sameinaðar og við það breytast lóðamörk lóðarinnar nr. 57 við Suðurgötu og nr. 26-28 við Skólabraut.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 14. desember 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.